

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Haraldi Einarssyni um einbreiðar brýr.

1. *Hvað eru margar einbreiðar brýr á vegum landsins þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. og hvar eru þær, skipt eftir kjördæmum annars vegar og hins vegar sveitarfélögum?*

Fjöldi brúa í umsjón Vegagerðarinnar er um 1190. Á þjóðvegakerfinu eru 694 einbreiðar brýr, en af þeim eru 197 einbreiðar brýr þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Meðalaldur einbreiðra brúa eru 50 ár.

Fjöldi einbreiðra brúa, þar sem hámarkshraði er 90 km/klst, skipt eftir kjördæmum annars vegar og eftir sveitarfélögum hins vegar, má sjá í eftirfarandi töflum:

Kjördæmi	Fjöldi
Norðausturkjördæmi	57
Norðvesturkjördæmi	61
Suðurkjördæmi	73
Suðvesturkjördæmi	6
	197

Sveitarfélag	Fjöldi
Akrahreppur	1
Ásahreppur	2
Bláskógabyggð	7
Blönduósbær	1
Borgarbyggð	6
Borgarfjarðarhreppur	3
Breiðdalshreppur	1
Dalabyggð	8
Djúpavogshreppur	7
Eyjafjarðarsveit	5
Fjarðabyggð	7
Fljótsdalshérað	5
Fljótsdalshreppur	6
Flóahreppur	1
Grímsnes- og Grafningshreppur	5
Hrunamannahreppur	1
Húnaþing vestra	5
Hvalfjarðarsveit	4
Hörgársveit	1
Ísafjarðarbær	6
Kjósarhreppur	6
Langanesbyggð	2

Mýrdalshreppur	1
Norðurþing	3
Rangárþing eystra	8
Rangárþing ytra	3
Reykholahreppur	4
Skaftárhreppur	13
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	6
Skútustaðahreppur	1
Snæfellsbær	1
Strandabyggð	8
Súðavíkurbreppur	4
Svalbarðshreppur	2
Sveitarfélagið Hornafjörður	22
Sveitarfélagið Skagafjörður	8
Sveitarfélagið Ölfus	4
Tálknafjarðarhreppur	1
Tjörneshreppur	1
Vesturbyggð	4
Vopnafjarðarhreppur	4
Þingeyjarsveit	9

197

2. *Er til áætlun í ráðuneytinu um að ljúka tvöföldun þessara brúa?*

Á undanförunum áratugum hefur náðst mikill árangur í fækkun einbreiðra brúa. Má segja að verstu staðirnir á umferðarmestu vegunum hafi verið lagfærðir að mestu. Eins og fram kemur hér að framan er þó enn mikið verk óunnið. Í mörgum nýbyggingum og endurbyggingum vega eru gerðar nýjar brýr sem koma í stað annarra gamalla og oftast einbreiðra brúa. Í vegáætlunarhluta samgönguáætlunar 2011–2022 er gert sérstaklega ráð fyrir fjárveitingu til breikkunar einbreiðra brúa að upphæð 1.500 millj. kr. á tímabilinu.

Þær 197 brýr sem greint er frá hér að framan eru samtals 9.436 m að lengd. Stærðargráða kostnaðar við að endurgera brýr af slíkri lengd og tvöfaldar að breidd gæti verið 30 milljarðar. Til viðbótar kæmi síðan kostnaður við vegagerð sem er mismikill eftir aðstæðum á hverjum stað. Verkefnið er því gríðarlega stórt.

Ekki er lengur eins mikið um áberandi slysastaði við einbreiðar brýr í vegakerfinu enda hefur verið gert átak í að merkja einbreiðu brýrnar sérstaklega og á áberandi hátt.

3. *Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að fækka einbreiðum brúm og ef svo er, munu merki þess sjást í næstu samgönguáætlun?*

Eins og áður segir er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til breikkunar brúa í samgönguáætlun. Eins mun einbreiðum brúm væntanlega fækka jafnt og þétt eftir því sem nýbyggingu og endurbyggingu vega miðar fram. Væntanlega mun þannig takast að ná umtalsverðum árangri í fækkun brúa með samþykkt nýrrar samgönguáætlunar 2015–2026. Í stefnumótun þeirrar áætlunar er umferðaröryggi fremst á blaði og áhersla lögð á úrbætur við slysastaði, þar á meðal einbreiðar brýr.